Námsáætlanir 2026 - 2027
8. bekkur
Umsjónarkennarar Hafþór Óskarsson, Lóa Rakel Ellenardóttir og Nadiia Shalimova

Danska
Kennari: Sigrún Gestsdóttir

Markmið:

Megintilgangur dönskunáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og til að beita málinu í samskiptum.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur þjálfast í lestri, ritun, töluðu máli og hlustun. Haust: haldið áfram með námsefnið Smart sem frá var horfið í 7. bekk. Valdir textar úr köflunum Dyrenes verden, Nu spiser vi, Skolen og Byen. Námsefnið Tak: Valdir textar úr köflunum: Hjemmet, Familien og Fritid og interesser. Á vorönn: Fra barn til voksen, Vi er alle forskellige og Krop og følelser. Nemendur vinna ýmist verkefnin sjálfstætt, í pörum eða litlum hópum. Fyrir utan námsbókarvinnu gefst nemendum tækifæri á að vinna ýmis verkefni á skapandi hátt og fá tækifæri til að skila afurðinni á mismunandi vegu.
Nemendur nota vinnubækurnar Smart og Tak. Mikil áhersla lögð á orðaforðanám og verður notast við forritið Quizlet í Ipad í því sambandi.

Námsmat:

Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor á hæfnikort nemanda. Námsmat er skráð með hæfnitáknum á unglingastigi.

Námsgögn:

Smart lesbók https://mms.is/namsefni/smart-nemendabok-rafbok
Smart verkefnabók https://mms.is/namsefni/smart-vinnubok-rafbok
Tak lesbók https://mms.is/namsefni/tak-grunnbok
Tak verkefnabók https://mms.is/namsefni/tak-verkefnabok-a-rafbok
Sjónvarpsþættirnir Baseboys
Danskar kvikmyndir

Námsáætlanir 2026 - 2027
8. bekkur
Umsjónarkennarar Hafþór Óskarsson, Lóa Rakel Ellenardóttir
og Nadiia Shalimova

Enska
Kennarar: Hafþór Óskarsson og Lóa Rakel Ellenardóttir

Markmið:

Þjálfun í 5 meginþáttum tungumálsins:

Reading comprehension - lesskilningur
Writing skills – Þjálfun í ritun
Listening skills – Hlustun/skilningur á töluðu máli
Speaking skills - Talað mál/framburður/þjálfun
Grammar and usage - málfræði og málnotkun í öllum fyrrgreindum þáttum

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Nemendur lesa ýmis konar texta til þess að þjálfa lesskilning og sýna skilning með því að svara spurningum, skrifa spurningar sjálf, skrifa útdrætti og vinna með orðaforða.
Nemendur hlusta á ýmiskonar hlustunarefni, bæði tilbúið efni fyrir skóla og efni sem fengið er á vefsíðum og öðrum miðlum.
Nemendur skrifa frásagnir og sögur ásamt því að þýða úr íslensku yfir á ensku í þeim tilgangi að auka við orðaforða.
Nemendur kynna verkefni sín á ensku og er ætlað að nota ensku til samskipta í kennslustofu. Þau taka viðtöl og tala inn á myndbönd.
Þjálfun í málfræði og málnotkun fer bæði fram á hefðbundinn máta með verkefnavinnu og í gegnum ritun og lestur.
Unnið er út frá aðferðafræði leiðsagnarmats þar sem nemendur frá endurgjöf á verkefni jafn óðum og þau eru unnin.

Öll vinna fer í gegnum classroom og/eða í vinnubók.

Námsmat:

Símat að mestu - verkefni í öllum færniþáttum sem minnst var á að ofan.
Einnig eru nemendur einstaka sinnum prófaðir með formlegum prófum í vissum þáttum: Lesskilningspróf, munnleg próf og hlustunarpróf.
Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor.
Námsmat byggist á ýmsum verkefnum: munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Námsgögn:

Next up! Nemendabók - Rafbók
Stories - Rafbók
Hlustunarefni úr bókum og víðsvegar að
Gagnvirkir málfræðivefir og smáforrit
Textar úr tímaritum, greinum, vefmiðlum o.fl
Kvikmyndir og þættir og hlaðvörp

Námsáætlanir 2026 - 2027
8. bekkur
Umsjónarkennarar Hafþór Óskarsson, Lóa Rakel Ellenardóttir og Nadiia Shalimova

Smiðja
Kennarateymi: Dögg Lára Sigurgeirsdóttir, Hafþór Óskarsson, Hjalti Halldórsson, Kjartan Orri Þórsson, Lóa Rakel Ellenardóttir, Oddur Ingi Guðmundsson, Ragnheiður Sóley Stefánsdóttir
og Þórunn Þórólfsdóttir.

Markmið:

Smiðja er samþætting íslensku, náttúru- og samfélagsgreina og upplýsingatækni. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.
Í íslensku er áherslan á þjálfun í málnotkun, talað mál og hlustun, framsetningu texta, uppbyggingu ritsmíða, lesskilning, stafsetningu og málfræði með sérstakri áherslu á fallorð. Í öllum verkefnum er markmið að nemendur nái tökum á ofantalinni hæfni. Í samfélagsgreinum eru tekin fyrir einkenni heimsálfanna - gróðurfar og loftslag, útbreiðsla trúarbragða, lífskjör í heiminum, mannréttindi og byltingar 18. og 19. aldar. Í náttúrugreinum eru tekin fyrir flokkun lífvera - áhersla á plöntur, sveppi, bakteríur og dýr, ljóstillífun, frumeind og frumefni. Í upplýsingatækni er lögð áhersla á að nemendur nái tökum á grunnhæfni í miðlun upplýsinga í formi myndbanda, ritsmíða, glærukynninga og hljóðupptöku ásamt skrásetningu heimilda.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Samvinnu-, þema og leitarnám

Vinna og verkefnaskil fara fram í gegnum classroom.

Námsmat:

Símat og leiðsagnarmat - (Nær) öll verkefni eru metin út frá fimm hæfniþáttum - hæfni ekki náð - þarfnast þjálfunar - á góðri leið - hæfni náð - framúrskarandi

Framvinda námsins er skráð að jafnaði tvisvar á önn í Mentor.

Námsmat byggist á afar fjölbreyttum verkefnum: skriflegum og verklegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Námsgögn:

Neistar, Kveikjur, Logar, Lýðræði og tækni, Maður og náttúra, Lífheimurinn, Kjalnesingasaga. Efnisheimurinn og margar fleiri bækur ásamt efni af vef.

Námsáætlanir 2026 - 2027
8. bekkur
Umsjónarkennarar Hafþór Óskarsson, Lóa Rakel Ellenardóttir og Nadiia Shalimova

Stærðfræði
Kennarar: Arnar Huginn Ingason og Nadiia Shalimova

Markmið Markmið kennslunnar eru að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem Aðalnámskrá leggur upp með í 8. bekk. Efnið sem við tökum m.a. fyrir er: Tölur og talnareikningur, algebra og jöfnur, rúmfræði, tugabrot, almenn brot og prósentur og tölfræði.
Kennsluaðferðir/vinnulag 5 kennslustundir í viku. Kennt er í lotum eftir námsefni. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögn, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu að eh. leyti.
Námsmat Ástundun og virkni í tímum. Próf úr námsefni hverrar lotu fyrir sig. Lögð verða fyrir munnleg, verkleg og skrifleg verkefni. Merkt verður við hæfniviðmið stærðfræði í Mentor eftir hvert próf. Nemendur halda úti verkefnamöppu þar sem öll vinna vetrarins safnast
Námsgögn Skali 1A og 1B (nemendabók og æfingahefti) og lausnir, Almenn stærðfræði #2 og #3, myndbönd inn á Google Classroom, töflureiknir, vefefni, ásamt öðru ítarefni. Skólinn útvegar öll kennslugögn. **Bækur og svör í netinu:** Skali 1A nemendabók http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/skali1anem/ Svör 1A http://vefir.nams.is/skali/PDF/Skali1/skali1a_nem_lausn_netagust2014.pdf Skali 1A æfingah. http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/skali1aaef/ Svör æf.h. http://vefir.nams.is/skali/PDF/Skali1/skali1a_nem_lausn_netagust2014.pdf Skali 1B nemendabók http://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/skali1bnem/ Svör 1B http://vefir.nams.is/skali/PDF/Skali1/skali1b_nem_lausn_net.pdf Skali 1B æfingah. http://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/skali1baef/ Svör æf.h. http://vefir.nams.is/skali/PDF/Skali1/skali1b_aef_lausn.pdf